

Strætó

Ársreikningur
2021



Strætó bs.
kt. 500501-3160
Hesthás 14
110 Reykjavík

Strætó

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Rekstraryfirlit og helstu kennitölur.....	3
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	4
Áritun óháðs endurskoðanda.....	8
Rekstrarreikningur.....	10
Efnahagsreikningur.....	11
Sjóðstreymisyfirlit.....	13
Skýringar.....	14
Viðauki -óendurskoðaður : Stjórnarháttaryfirlýsing.....	19

Rekstraryfirlit og helstu kennitölur

Rekstur	2021	2020	2019	2018	2017
Rekstrartekjur	8.603.079	8.089.068	8.747.225	8.318.343	7.740.566
Rekstrarkostnaður	(8.715.336)	(8.224.450)	(8.459.385)	(8.116.374)	(7.562.428)
EBITDA.....	(112.257)	(135.382)	287.840	201.969	178.138
Afskriftir.....	(251.247)	(254.954)	(278.393)	(276.660)	(190.033)
EBIT.....	(363.504)	(390.336)	9.447	(74.691)	(11.895)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(75.629)	(63.578)	(46.328)	(48.230)	22.281
Rekstrarniðurstaða.....	(439.132)	(453.914)	(36.881)	(122.921)	10.387

Sjóðstreymi





Veltufé (til) frá rekstri.....	(138.626)	(163.472)	268.441	183.137	200.643
Handbært fé (til) frá rekstri.....	99.430	183.993	99.071	(765.343)	376.389

Efnahagur

	31.12.2021	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017
Strætisvagnar og önnur ökutæki	1.430.772	1.557.367	1.757.548	1.904.597	1.361.097
Handbært fé.....	465.764	376.515	377.133	298.817	926.089
Langtímaskuldir	1.255.532	997.920	1.001.597	997.767	0

Kennitölur

Vægi fargjaldatekna í rekstrarkostnaði.....	25%	25%	35%	34%	36%
Eiginfjárlutfall.....	26%	40%	47%	49%	64%
Veltufjárlutfall.....	0,7	0,8	1,2	0,9	1,3
Langtímaskuldir/eigið fé.....	148,8%	77,8%	57,7%	56,3%	0,0%



Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

Í upphafi árs sem og í árslok voru eigendur byggðasamlagsins sex, þeir eru:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

Rekstur ársins 2021

Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 439 m.kr. (2020: 459 m.kr.), en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 293 m.kr. á árinu 2021. Lakari afkoma skýrist einkum af því að sú tekjuaukning sem fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir skilaði sér ekki sem rekja má til heimsfaraldurs af völdum Covid-19 veirunnar. Fargjöld voru 138 m.kr. undir áætlun, ríkisframlag var 774 m.kr undir áætlun, Pant akstursþjónusta var 318 m.kr.undir tekjuáætlun, aðrar tekjur voru 89 m.kr. umfram áætlun. Laun og launatengd gjöld jukust milli ára um 163 m.kr. og námu 2.825 m.kr. (2020: 2.661 m.kr.) en 1 janúar og 1 júní 2021 var stytting á vinnuviku starfsmanna sem kostaði félagið um 250 m.kr. Fjöldi ársverka voru 252 (2020: 258).

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu í árslok samtals 3.261 m.kr. og heildarskuldir voru 2.417 m.kr. Eigið fé nam 844 m.kr. Eiginfjárlutfall félagsins var 26% (2020: 40%). Handbært fé nam 466 m.kr. Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft mikil fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega frá upphafi faraldurs. Í desember 2021 var Strætó veitt 300 m.kr. rekstrarlán og horfur á að lausafjárstaða verði erfið fram eftir ári 2022. Til stendur að óska eftir heimild frá eigendum um töku skammtímalánsfjármögnunar til að tryggja lausafé til reksturs.

Framlag ríkis er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, aukið umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið endurnýjaður og gildir til ársins 2034.

Kynjahlutfall er í samræmi við lagacröfur sem segja að fyrirtæki með fleirri en 50 starfsmenn skuli tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins sé ekki lægra en 40%.

Strætó innleiddi nýtt, rafrænt greiðslukerfi í lok árs 2021 sem fengið hefur nafnið "Klappið". Fyrirmynd nýja greiðslukerfisins er þekkt í almenningsgöngum víða um heim, þar sem kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjald er greitt í vagninum. Nýja greiðslukerfið mun veita aðgang að almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu og Borgarlínu, fyrst um sinn.

Strætó varð fyrir tveimur netárásum 2021 og febrúar 2022. Sú fyrri átti sér stað í desember 2021 þar sem aðilar komist yfir gögn af netdrifum. Engin gögn glötuðust og varð Strætó ekki fyrir fjárhagslegu tjóni. Sú síðari í febrúar 2022 þar sem gerð var árás á greiðslukerfi Strætó, en uppsettar netvarnir stóðust þá árás.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ahættupættir

Strætó stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi hennar og stafa af daglegum rekstri. Ahættustýring felst í greiningu, mælingu og aðgerðum til að takmarka áhættu og stöðuga vöktun áhættupátta.

Helstu áhættupættir félagsins eru lausafjár- og markaðsáhætta. Fargjaldatekjur hafa dregist verulega saman frá því heimsfaraldur Covid-19 hófst. Fjárfesting í vögnum hefur verið undir endurnýjunaráætlun undanfarin ár sem hefur haft þau áhrif að viðhalds- og rekstrarkostnaður hefur aukist. Rekstrarfé frá eigendum og viðskiptavinum hefur ekki nægt til að fjármagna endurnýjun vagna og rekstur. Félagið hefur því fengið lán af markaði til að standa straum af lágmarks endurnýjun á flota sem og öðrum rekstrarþáttum, í stað framlags frá eigendum. Endurnýjun vagnaflota á rekstrarárinu 2021 var sú að einungis var fjárfest í tveimur nýjum vögnum, sem er vel undir þörfum og endurnýjunaráætlun félagsins. Skuldsetning félagsins í hlutfalli við eigið fé hefur aukist og er óráðstafað eigið fé félagsins neikvætt, og stofnframlag eigenda því ryrnað sem því nemur.

Markaðsáhætta eru þeir þættir sem geta haft áhrif á fjárhagslegan styrk Stætó og er þar helst um að ræða gjaldeyrisseiflur og verðlagsþróun grunnþátta rekstrar. Óvissuástand það sem upp er komið við stríð í evrópu hefur valdið verulegri hækkun grunnþátta um ófyrirséða nánustu framtíð.

Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti félagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Samkvæmt eigendastefnu Strætó eiga stjórnarhættir að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar, sem og sannfæringu sinni, gæta almannahagsmuna og hagsmuna félagsins.

Stjórn Strætó er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildasveitarfélagi. Fulltrúinn skal vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast milli aðildarsveitarfélaganna. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár.

Stjórn Strætó fer með æðsta vald félagsins og eru meginskyldur stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi félagsins. Hlutverk og skyldur stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem byggðar eru á stofnsamningi og eigendastefnu félagsins. Stjórn Strætó ræður framkvæmdastjóra sem fer með daglegan rekstur.

Stjórnarháttum Strætó er nánar lýst í stjórnarháttayfirlýsingu sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikning. Stjórnarháttayfirlýsingin er gerð í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja 6. útgáfu, útgefni af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands í febrúar 2021.

Umhverfis,- samfélags og starfsmannamál

Strætó er þjónustufyrirtæki sem skal á hverjum tíma miðast við að lágmarka kostnað eigenda og samfélagsins við úrlausn þeirra verkefna sem fyrirtækinu er falið að inna af hendi, að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem sett eru í þjónustu- og umhverfisstefnu þess. Strætó vill vera til fyrirmyndar og stuðla að aukinni notkun vistvænna ferðamáta almennings.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Í umhverfisstefnu Strætó kemur fram að félagið vill vera til fyrirmyndar og leiðandi í umhverfismálum sem og umhverfisvernd og skuldbindur sig til þess að draga úr, beinum og óbeinum, neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið. Strætó fylgir stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum og leitast við að vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum með því að fjárfesta í umhverfisvænum vögnum, s.s. rafmagns-,vetnis- og metanvögnum sem og fjármagna sig með grænni fjármögnun þegar svo ber við. Strætó stefnir á að verða kolefnislaus árið 2030 samkvæmt stefnumótun 2020.

Strætó hefur valið þrjú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem félagið leggur megináherslu á. Markmiðin sem unnið er sérstaklega að eru markmið 11, sjálfbærar borgir og samfélög, markmið 12, ábyrg neysla og framleiðsla og markmið 13, aðgerðir í loftlagsmálum.

Strætó hefur sett sér eftirtalin gildi: Áreiðanleiki, við erum á réttum stað á réttum tíma, erum hagsýn og ábyrg í okkar störfum. Dirfkrafur, erum frumkvæðamiðuð og höfum kjark og þor til að taka ákvarðanir og leysa mál hratt og vel. Samvinna, bæði innan fyrirtækis og gagnvart viðskiptavinum, eigendum og samstarfsfélögum.

Í október 2019 fékk Strætó jafnlaunavottun sem segir að fyrirtækið uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Launamunur grunnlauna karla og kvenna 2021 er 1,0% þar sem hallar á karla, þ.e. konurnar eru hærri.

Í mannauðsstefnu leggur Strætó áherslu á að starfsfólk þekki hlutverk, stefnu og gildi félagsins. Sýni drifkraft í störfum sínum með frumkvæði, kjark og þor að leiðarljósi. Vinni vel saman að hagsmunum og framtíðarsýn Strætó og myndi þannig sterka liðsheild. Skapi traust þeirra sem reiða sig á þjónustu Strætó og sýni áreiðanleika og ábyrgð í verki.

Strætó er þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni um þjálfun og fræðslu starfsfólks í almenningssamgöngum. Tilgangurinn er að þjálfva núverandi- og framtíðarstarfsfólk almenningssamgangna til að takast á við krefjandi verkefni í daglegu lífi og störfum. Í þjálfuninni verður beitt ólíkum og nýstárlegum kennsluaðferðum þar sem blandað verður saman einstaklingsnámi, námi á netinu, hópavinnu og vinnusmiðjum auk þess sem sýndarveruleiki verður notaður. Sýndarveruleikinn gefur starfsfólki tækifæri til að nýta þekkingu strax í aðstæðum sem líkjast mjög raunverulegum aðstæðum.

Í siðareglum stjórnar skal kjörinn fulltrúi forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilegar fyrirgreiðslur eða mútur. Misferlishnappur er til staðar á heimasíðu Strætó þar sem tekið er við ábendingum sem gætu varðað innri endurskoðun sem varða misferli starfsmanna eða stjórnar.

Starfsemi Strætó árið 2021 einkenndist af margvíslegum áskorunum vegna heimsfaraldurs Covid-19. Áskoranir fólust einna helst í því að finna jafnvægi milli þess að tryggja heilsufarslegt öryggi starfsfólks, veita góða þjónustu og sjá til þess að rekstur gengi áfallalaust.

Strætó hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum fyrirtækisins. Strætó hefur því sett sér persónuverndarstefnu, í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Strætó fyrir árið 2021.

Reykjavík, 11.mars 2022

Stjórn:

Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður, Reykjavík
Sigrún Edda Jónsdóttir varaformaður, Seltjarnarnes
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogur
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfjörður
Gunnar Valur Gíslason, Garðabær
Rúna Bragi Guðlaugsson, Mosfellsbær

Framkvæmdastjóri:

Jóhannes Svavar Rúnarsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglegra tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 11. mars 2022

Sturla Jónsson
lögilltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		2021	2020	2021
Rekstrartekjur	3			
Fargjöld	15	1.848.760	1.746.510	1.986.385
Rekstrarframlög eignaraðila		4.058.650	3.825.818	4.058.650
Ríkisframlag	28	1.026.000	900.000	1.800.000
Pant akstursþjónusta.....	16	1.317.891	1.335.436	1.635.792
Aðrar tekjur	17	351.778	281.305	262.958
Rekstrartekjur samtals		<u>8.603.079</u>	<u>8.089.068</u>	<u>9.743.784</u>
Rekstrargjöld	4			
Rekstrarsvið.....	19	6.577.077	6.116.483	6.642.589
Samrekstur.....	20	820.368	772.531	855.620
Pant akstursþjónusta.....	16	1.317.891	1.335.436	1.635.792
Rekstrargjöld samtals		<u>8.715.336</u>	<u>8.224.450</u>	<u>9.134.000</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA).....		<u>(112.257)</u>	<u>(135.382)</u>	<u>609.784</u>
Afskriftir	6, 21	251.247	254.954	255.000
Rekstrarniðurstaða (EBIT).....		<u>(363.504)</u>	<u>(390.336)</u>	<u>354.784</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5			
Vaxtatekjur.....		446	1.975	8.023
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(76.075)	(65.554)	(70.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(75.629)</u>	<u>(63.578)</u>	<u>(61.977)</u>
Rekstrarniðurstaða		<u><u>(439.132)</u></u>	<u><u>(453.914)</u></u>	<u><u>292.807</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir fastafjármunir:	6,21		
Strætisvagnar og önnur ökutæki		1.430.772	1.557.367
Innréttingar, áhöld og tæki.....		59.227	57.349
Hugbúnaður.....		292.975	148.758
		<u>1.782.974</u>	<u>1.763.474</u>
Áhættufjármunir og landtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður	7	642.065	669.948
		<u>642.065</u>	<u>669.948</u>
Fastafjármunir samtals		<u>2.425.039</u>	<u>2.433.423</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	8,22	104.174	100.996
Skammtímakröfur:	9		
Viðskiptakröfur	23	36.079	95.074
Kröfur á tengda aðila.....	29	136.614	133.972
Fyrirframgreiddur kostnaður	7	27.883	27.883
Aðrar skammtímakröfur	24	65.070	48.938
Handbært fé.....	11	465.764	376.515
Veltufjármunir samtals		<u>835.584</u>	<u>783.379</u>
Eignir samtals		<u>3.260.623</u>	<u>3.216.801</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018	900.018
Óráðstafað eigið fé		(56.467)	382.665
Eigið fé samtals	26	<u>843.551</u>	<u>1.282.683</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		1.255.532	997.920
Langtímaskuldir samtals	10,27	<u>1.255.532</u>	<u>997.920</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		622.340	491.716
Næsta árs afborganir langtímalána	27	90.727	38.515
Aðrar skammtímaskuldir	25	448.472	405.967
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.161.539</u>	<u>936.198</u>
Skuldir samtals		<u>2.417.071</u>	<u>1.934.118</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.260.623</u>	<u>3.216.801</u>

Sjóðstreymisýfirlit 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		(439.132)	(453.914)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	21	251.247	254.954
Verðbætur og gengismunur.....	5	49.260	35.489
		<u>(138.626)</u>	<u>(163.472)</u>
		Veltufé (til) reksturs	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun.....		(3.178)	7.136
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		40.221	360.346
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		173.129	(47.900)
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting.....		27.883	27.883
		<u>238.056</u>	<u>347.465</u>
		Handbært fé frá rekstri	183.993
		<u>99.430</u>	<u>183.993</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	21	(270.746)	(163.542)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		0	5.574
		<u>(270.746)</u>	<u>(157.968)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
		<u>(270.746)</u>	<u>(157.968)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána.....	27	(39.436)	(26.642)
Tekin ný langtímalán.....	27	300.000	0
		<u>260.564</u>	<u>(26.642)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
		<u>260.564</u>	<u>(26.642)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		89.248	(618)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>376.515</u>	<u>377.133</u>
Handbært fé í lok árs.....		<u>465.764</u>	<u>376.515</u>

Skýringar með ársreikningi

1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Strætó er með höfuðstöðvar að Hesthálsi 14, í Reykjavík. Ársreikningur Strætó er hluti af samstæðureikningi Reykjavíkurborgar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerðir eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Reikningsskilaaðferðir

3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþykkttri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.

4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Strætisvagnar og önnur ökutæki	10-13 ár
Innréttingar, áhöld og tæki	3-10 ár
Hugbúnaður	5 ár

7. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörs vð Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærst á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærst á 20 árum frá 1.janúar 2019 að telja.

8. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða daqvirði, sé það lægra.

9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru metnar á nafnverði og hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

Skýringar með ársreikningi

10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

11. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

12. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

13. Sjóðsteymisyfirlit

Í fjárfestingarhreyfingum í sjóðsteymisyfirliti er færð sú fjárfesting, sem hefur áhrif á handbært fé.

14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

15. Fargjöld

	2021	2020
Fargjöld greitt af farþegum	1.420.696	1.332.255
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja	119.820	106.247
Niðurgreiðsla nemakorta	308.243	308.007
	<u>1.848.760</u>	<u>1.746.510</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

16. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

	2021	2020
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga	1.225.350	1.265.307
Fargjöld notenda	92.540	70.128
	<u>1.317.891</u>	<u>1.335.436</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur	1.315.919	1.330.382
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri	1.972	5.055
	<u>1.317.891</u>	<u>1.335.436</u>

Verktakar annast allan akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

17. Aðrar tekjur

	2021	2020
Þóknun - akstursþjónusta fatlaðs fólks	171.663	134.176
Þóknun - landsbyggðin	101.332	97.277
Aðrar tekjur	78.783	49.852
	<u>351.778</u>	<u>281.305</u>

18. Laun og launatengd gjöld

	2021	2020
Laun	2.264.439	2.093.939
Launatengd gjöld	530.348	524.919
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi	29.872	42.613
	<u>2.824.658</u>	<u>2.661.471</u>

Fjöldi ársverka

252 258

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 39 m.kr. á árinu (2019: 38 m.kr.). Í lok ársins störfuðu 271 starfsmenn hjá Strætó bs.

Skýringar með ársreikningi

19. Rekstrarsvið

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	2.323.150	2.181.810
Aðkeyptur akstur	3.317.700	2.972.992
Annar rekstrarkostnaður	805.621	823.725
Húsnæðiskostnaður	130.607	137.957
	<u>6.577.077</u>	<u>6.116.483</u>

Undir rekstrarsvið heyrir allur rekstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið, flotastýring, verkstæði og þvottastöð.

Póknun til endurskoðenda ársreiknings félagsins nam kr 2,4 og innri endurskoðenda 4,0 m.kr.

20. Samrekstur

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	501.508	474.606
Annar rekstrarkostnaður	318.860	297.925
	<u>820.368</u>	<u>772.531</u>

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðs fólks og farþegum strætó.

21. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast bannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	3.618.419	338.198	235.102	4.191.718
Afskrifað áður	(2.061.051)	(280.849)	(86.344)	(2.428.244)
Bókfært verð 1.1.2021	1.557.367	57.349	148.758	1.763.474
Viðbót	68.468	42.877	159.400	270.746
Afskrift	(195.064)	(40.999)	(15.184)	(251.247)
Bókfært verð 31.12.2021	1.430.772	59.227	292.975	1.782.974
Afskriftahlutföll	8-13%	10-33%	20%	

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja er samtals um 273 m.kr.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna og annara ökutækja er samtals um 1.966 m.kr.

22. Birgðir

	2021	2020
Olía	11.475	6.635
Varahlutir	97.699	104.361
Niðurfærsla birgða	(5.000)	(10.000)
	<u>104.174</u>	<u>100.996</u>
Vátryggingaverðmæti birgða	117.421	112.828

23. Viðskiptakröfur

	2021	2020
Viðskiptamenn	12.533	64.912
Viðskiptamenn - akstursþjónusta fatlaðs fólks	23.103	16.793
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	2.543	37.769
Varúðarfærsla viðskiptakrafna	(2.100)	(24.400)
	<u>36.079</u>	<u>95.074</u>

Skýringar með ársreikningi

24. Aðrar skammtímakröfur

	2021	2020
Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar	56.295	34.774
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	8.776	14.164
	<u>65.070</u>	<u>48.938</u>

25. Aðrar skammtímaskuldir

	2021	2020
Áunnið ógreitt orlof	211.776	179.826
Ógreidd laun og launatengd gjöld	157.415	146.138
Aðrar skammtímaskuldir	79.281	80.003
	<u>448.472</u>	<u>405.967</u>

26. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals	
Eigið fé 1.1.2021	900.018	382.665	1.282.683	
Rekstrarniðurstaða ársins		(439.132)	(439.132)	
Staða 31.12.2021	<u>900.018</u>	<u>(56.467)</u>	<u>843.551</u>	
	Eignarhlutur			
Garðabær	6,24%	56.161	(3.524)	52.638
Hafnarfjarðarbær	12,50%	112.502	(7.058)	105.444
Kópavogsbær	14,60%	131.403	(8.244)	123.158
Mosfellsbær	4,07%	36.631	(2.298)	34.333
Reykjavíkurborg	60,30%	542.711	(34.050)	508.661
Seltjarnarnesbær	2,29%	20.610	(1.293)	19.317
	100,00%	<u>900.018</u>	<u>(56.467)</u>	<u>843.551</u>

27. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Verðtryggt	Overðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs	1.036.435	0	1.036.435
Viðbót ársins	0	300.000	300.000
Afborgun ársins	(39.436)	0	(39.436)
Verðbætur og afföll ársins	49.260	0	49.260
	<u>1.046.259</u>	<u>300.000</u>	<u>1.346.259</u>
Næsta árs afbrogun	(41.006)	(49.720)	(90.727)
	<u>1.005.252</u>	<u>250.280</u>	<u>1.255.532</u>

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

Árið 2022	90.727
Árið 2023	98.265
Árið 2024	101.539
Árið 2025	104.986
Síðar	<u>950.743</u>
	<u>1.346.259</u>

Skýringar með ársreikningi

28. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun oróðurhúsaloftheanda í samöndrum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

29. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

30. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmeðrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft mikil fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og fjárhagsstaða Strætó bs. rýrnað verulega frá upphafi faraldurs. Lakari afkoma skýrist einkum af því að sú tekjuaukning sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir skilaði sér ekki sem rekja má til heimsfaraldurs af völdum Covid-19 veirunnar.

Það er mat stjórnar og stjórnenda að ekki leiki vafi á rekstrarhæfi félagsins þrátt fyrir lakari afkomu og fjárhagsstöðu og eru reikningsskillin sett fram miðað við þá forsendu. Eigendur bera sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ekkert sem bendir til annars en félagið geti staðið við skuldbindingar sínar.

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Góðir stjórnarhættir Strætó eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstri. Stjórn Strætó birtir hér yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrir árið 2021. Stjórnarhættir vísa til ábyrgðar stjórnar og stjórnenda og því hvernig ákvörðunartaka fer fram, í samræmi við gildandi lög og reglur.

Lög, reglur og tilmæli

Strætó starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í kafla 2 og 3 í stofnsamningi er nánari útlitun á stofnendum, eigendahlutföllum og stjórnskipulagi. Samkvæmt gr. 3.4 í eigendastefnu eiga stjórnarhættir að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar sem og sannfæringu sinni, gæta almannahagsmuna og hagsmuna byggðasamlagsins. Eigendastefna er aðgengileg á vefsíðu Strætó.

Einnig eiga eftirfarandi lög og reglur við um rekstur Strætó: Lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, og reglugerð um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2021 er með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út 1. júlí 2021 (6.útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, <https://leidbeiningar.is>

Strætó uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að frátöldum kafla 1 sem fjallar um hluthafa og hluthafafundi, þar sem það á ekki við um félagið. Einnig hefur ekki verið gerð starfskjarastefna, né starfskjaranefnd skipuð. Stefna um sjálfbærni og fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur samkvæmt grein 2.9 hefur ekki verið skráð.

Strætó hefur sett sér ítarlegar starfsreglur, siðareglur og stefnumörkun sem hægt er að finna á heimasíðu Strætó. Helstu stefnur eru: Jafnlauna-, jafnréttis-, mannauðs-, persónuverdar-, þjónustu-, umhverfis-, öryggis- og innkaupastefna.

Innra eftirlit og áhættustjórnun

Innra eftirlit

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og áhættustjórnunar, það sé skjalfest og virkni þess sannreynd reglulega. Innra eftirlit skal veita hæfilega vissu um; að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið félagsins; áreiðanleika og réttmæti fjárhagsupplýsinga sem veittar eru ytri aðilum og fylgt sé lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Við uppbyggingu á innra eftirliti er tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlegur viðurkenndur rammi um innra eftirlit.

Áhættustjórnun

Áhættustjórnun er ferli til að greina og mæla þá áhættuþætti sem komið geta í veg fyrir að félagið nái settum markmiðum.

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Árlega skilgreinir Strætó þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við og skilgreinir viðbrögð við þeirri áhættu sem um ræðir. Strætó flokkar áhættuþætti sína í eftirfarandi :

- Kjarnaáhætta: Fylgir kjarnastarfsemi eins og hún er skilgreind í eigendastefnu Strætó, þ.e. að „starfrækja almenningssamgangnaþjónustu á svæði eigenda sinna með samræmdu leiðakerfi og gjaldskrá.“
- Fjárhagsleg áhætta: sem skiptist í eftirfarandi undirflokkar: Markaðsáhætta, þ.e. áhrif markaðssveiflna á fjárhagslegan styrk Strætó. Lausafjárahætta, þ.e. geta Strætó til að mæta rekstrarútgjöldum, standa undir greiðslubyrði lána, sinna reglulegu viðhaldi, endurnýja vagnaflota og ráðast í aðrar nauðsynlegar fjárfestingar. Mótaðilaáhætta, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á félagið, t.d. að eigendur og viðskiptamenn hafi fjárhagslega burði til að standa við skuldbindingar sínar við Strætó.
- Rekstraráhætta: sem felur í sér áhættu vegna taps af ófullnægjandi eða gölluðum innri kerfum, vegna starfsmanna eða vegna ytri þátta, s.s. lagalegrar áhættu. Um er að ræða áhættu sem tengist starfsmönnum, ferlum og kerfum.

Til að tryggja að reikningsskil Strætó séu í samræmi við sveitarstjórnarlög og settar reikningsskilareglur, hefur félagið skilgreint ábyrgðasvið, eðlilega aðgreiningu starfa, reglulega skýrslugjöf og skýrar verklagsreglur og verkferla. Reglulegt eftirlit með afkomu og fylgni við samþykktu fjárhagsáætlun. Fjármálasvið leggur ársfjórðungslegt uppgjör fyrir stjórn.

Reikningsskil og endurskoðun

Fjármálasvið Strætó sér um gerð reikningsskila og birtir uppgjör sín ársfjórðungslega. Endurskoðunarnefnd tekur ársreikning félagsins til skoðunar og gefur stjórn álit sitt á reikningsskilunum sem samþykkir og undirritar. Meginhlutverk endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustjórnun. Ytri endurskoðandi félagsins Grant Thornton endurskoðun ehf. endurskoðar reikningsskilin einu sinn á ári.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er skiptuð af stjórn og heyrir beint undir hana. Innri endurskoðun fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Strætó. Í því felst að með störfum sínum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnaráhættu. Innri endurskoðandi er Deloitte ehf.

Stjórnskipulag Strætó bs.

Strætó er byggðasamlag og í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarness. Stjórn Strætó fer með æðsta vald félagsins samkvæmt lögum, reglum og samþykktum. Meginskyldur stjórnar er að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi félagsins. Hlutverk og skyldur stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem byggðar eru á stofnsamningi og eigendastefnu félagsins.

Stjórn Strætó ræður framkvæmdastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Stjórnin setur félaginu heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu og skilgreinir í henni mælikvarða í rekstri félagsins. Stefnan skal í það minnsta fela í sér markmið í umhverfismálum, jafnréttis- og starfsmannamálum.

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þörf krefur, en stefnt skal að því að þeir verði ekki haldnir sjaldnar en mánaðarlega. Í upphafi hvers árs skal lögð fram starfsáætlun sem hefur að geyma áætlun fyrir reglubundna stjórnarfundir ársins. Á árinu 2021 voru haldnir 17 stjórnarfundir.

Stjórn framkvæmir árlega árangursmat þar sem lagt er mat á störf stjórnar, verklag og starfshætti. Árangursmat stjórnar fór fram í febrúar 2021


Stjórn

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar, Reykjavík
Sigrún Edda Jónsdóttir varaformaður, Seltjarnarnes
Karen Elísabet Halldórsdóttir, stjórnarmaður, Kópavogur
Helga Ingólfssdóttir, stjórnarformaður, Hafnarfjörður
Gunnar Valur Gíslason, stjórnarmaður, Garðabær
Rúna Bragi Guðlaugsson, stjórnarmaður, Mosfellsbær

Varamenn:

Aron Leví Beck, Reykjavík
Margrét Halldórsdóttir, Kópavogur
Ólafur Ingi Tómasson, Hafnarfjörður
Björg Fenger, Garðabær
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbær
Magnús Örn Guðmundsson, Seltjarnarnes

Stjórnskipan



Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn sitja:

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri
Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála
Ingvar Hjaltalín, sviðsstjóri rekstrarsviðs
Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustu

Undirritunarsíða

Jóhannes Svavar Rúnarsson

Hjálmar Sveinsson

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Helga Ingólfssdóttir

Jón Sturla Jónsson